

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi orkuvinnslusvæðis, Nesjavellir – orkuver.*

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir byggingarreit fyrir allt að 70 m² dæluhús ásamt tilheyrandi lögnum, norðan aðkomuvegar að borholustæði NJ-16 innan svæðis sem skilgreint er sem förgunarsvæði fyrir affallsvatn. Í breytingunni felst einnig að bygginga- og framkvæmdasvæði stöðvarhúss mun stækka til norðurs yfir byggingarreit fyrirhugaðs dæluhúss úr 167.810 m² í 169.640 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 4. maí 2016.

2. *Deiliskipulag fyrir frístundahúsalóð, Tjarnarvík.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 5.000 m² frístundahúsalóð. Á lóðinni er heimilt að reisa allt að 150 m² frístundahús. Mænishæð frá botnplötu húss skal ekki vera meiri en 6 m á húsi með mæni, 5,5 m á húsi með einhalla þaki og 4 m á húsi með flötu þaki. Nýtingarhlutfall lóðarinnar skal ekki vera meira en 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. apríl 2016.

3. *Deiliskipulag fyrir frístundahúsalóð, Efri-Brú, Sökk, lóð nr. 5.*

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir þremur frístundahúsalóðum sem liggja að Úlfþjótsvatni. Aðkoma er frá Þingvallavegi (nr. 36). Heimilt er að byggja á lóðunum frístundahús á einni hæð og 40 m² gestahús eða geymslu. Heimilt er að hafa svefnloft á mest helmingi hússins. Botnplata skal liggja á bilinu 20-50 sm yfir jarðvegsyfirborði þar sem aðliggjandi land er hæst. Meðalvegghæð má vera mest 3,5 m. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,03.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. apríl 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. maí 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.